



Reglur um garðslátt fyrir eldri borgara og öryrkja fyrir árið 2024

1. gr.

Réttur til garðsláttar

Rétt til garðsláttar eiga:

- Ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Húnaþingi vestra, sem hafa fasta búsetu í eigninni og geta ekki hirt lóðir sínar hjálparlaust.
- Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- og/eða örorkulífeyrisþegar.
- Ekki er veitt þjónusta þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri geta annast slátt.

2. gr.

Umsóknir og umsjón

Umsóknir um garðslátt skulu berast á skrifstofu Húnaþings vestra á eyðublöðum sem þar fást eða rafrænt á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á vefsíðu sveitarfélagsins. Fjölskyldusvið ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu umsókna um þjónustu. Skipulag og framkvæmd þjónustunnar er á höndum umhverfisstjóra Húnaþings vestra

3. gr.

Fjöldi slátta og stærð lóða

Þjónustuþegar geta óskað eftir slætti þrisvar sinnum yfir sumarið, tímabilið júní – ágúst ár hvert. Þjónustan felst í því að grasflatir innan skilgreindra lóðarmarka er slegnar og gras hirt og fjarlæggt. Ekki er boðið upp á áburðagjöf, beðahreinsun eða önnur garðyrkjustörf. Grasflatir skulu vera aðgengilegar fyrir slátt. Einungis er slegið þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús.

4. gr.

Gjaldskrá

Gjald fyrir garðslátt miðast við gjaldskrá Húnaþings vestra hverju sinni og er innheimt í lok sumars.

Árið 2024:

- | | |
|--|------------|
| • Lítil garður (allt að 250 m ²) | kr. 8.335 |
| • Meðalstór garður (allt að 450 m ²) | kr. 11.340 |
| • Stór garður (allt að 650 m ²) | kr. 14.560 |

Samþykkt á 382. fundi sveitarstjórnar þann 13. júní 2024.